

## Tíundi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 17. október 2024 klukkan 20:00.

Mætt eru: Áslaug Sigvaldadóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þröstur Aðalbarnarson og Veronika G. Sigurvinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

### 1. Brunavarnir Heiðsynninga

Unnið hefur verið að slitum Brunavarna Heiðsynninga kt. 650989-1639, félags í eigu Eyja- og Miklaholtshrepps og Borgarbyggðar.

Oddvita falið að sitja aðalfund félagsins og ganga frá slitum félagsins í samvinnu við meðeiganda. Oddvita veitt heimild til að ráðstafa eignum Brunavarna Heiðsynninga í samráði við Borgarbyggð.

Samþykkt samhljóða.

### 2. Tjörn á landbúnaðarlandi í Miklaholtsseli

Umsókn landeiganda Miklaholtssels þar sem að óskað er eftir heimild til þess að útbúa tjörn á jörðinni.

Skipulagsfulltrúi hefur unnið málið f.h. sveitarfélagsins og fengið umsagnir Matvælastofnunar, Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar, sem gera ekki athugasemdir við tjörn í landi Miklaholtssels.

Sveitarstjórn metur svo að ekki sé um meiriháttar framkvæmd að ræða sem að hafi áhrif á umhverfið og sé því ekki framkvæmdaleyfisskyld. Þá lítur sveitarstjórn svo á að fyrirhuguð tjörn muni ekki hafa áhrif á skilgreinda landnotkun, sem er landbúnaðarland.

Samþykkt samhljóða.

### 3. Meindýraeyðing

Ágangur tófu til umræðu.

Sigurbjörgu og Presti falið að funda með grenjaskyttu sveitarfélagsins um stöðu á eyðingu meindýra.

4. Reglur sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um stuðningsþjónustu

Drög að reglum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um stuðningsþjónustu lagðar fyrir fundinn.

Reglurnar eru samþykktar samhljóða af sveitarstjórn.

5. Reglur sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Drög að reglum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir lagðar fyrir fundinn.

Reglurnar eru samþykktar samhljóða af sveitarstjórn.

6. Umsagnarbeiðni frá embætti Sýslumannsins á Vesturlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II – G íbúðir, að Miðhrauni 1

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við rekstrarleyfið með fyrirvara um jákvæða umsögn annarra umsagnaraðila.

Oddvita falið að svara erindinu.

7. Fundargerð 191. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands  
Fundargerð lögð fram.

8. Fundargerð 951. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga  
Fundargerð lögð fram.

9. Fundargerð 952. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga  
Fundargerð lögð fram.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 20:35.

Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign  
Herdís Þórðardóttir – sign  
Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign  
Pröstur Aðalbjarnarson – sign  
Áslaug Sigvaldadóttir – sign